

hæstaréttarlögmaður, hefur lagt fram sundurliðaðan málskostnaðarreikning að fjárhæð kr. 711.099, þ. e. málflutningslaun skv. taxta LMFÍ, kr. 630.000, og útlagður kostnaður, kr. 81.099. Verður reikningur yfir útlagðan kostnað tekinn til greina með kr. 80.000, en málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda þykja hæfilega ákveðin kr. 470.000. Málskostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, samtals kr. 550.000.

Dóm þennan kváðu upp Garðar Gíslason, settur borgardómari, Guðmundur Hjaltason, fyrrv. skipstjóri, og Kristinn Guðmundsson lækni.

Dómsorð:

Stefndu, Ólafur Ragnar Sigurðsson, Karl Helgason og Magnús Ásgeirsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Valgerðar Helgadóttur f. h. eiginmanns síns, Einars Th. Hallgrímssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Málskostnaður stefnanda ákveðist kr. 550.000 og greiðist úr ríkissjóði. Af þessari fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnanda, Sigurði Reyni Péturssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 470.000.

Föstudaginn 28. mars 1980.

Nr. 205/1978. Grétar Haraldsson og
Pengill s/f

(Grétar Haraldsson hrl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Guðmundur V. Jósefsson hrl.).

Lögtak.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Valtýr Guðmundsson, settur borgarfégeti, hefur framkvæmt hið áfrýjaða lögtak.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 24. nóvember 1978. Krefjast þeir þess, að lögtak það, sem gert var í eignarhluta áfrýjandans Grétars í fasteigninni nr. 19 við Seljaveg í Reykjavík hinn 31. október 1978 til tryggingar þinggjöldum áfrýjandans Þengils s/f, verði úr gildi felld. Þá krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hinnar áfrýjuðu lögtaksgerðar til tryggingar 4.111.960 krónum, en til vara til tryggingar 3.289.372 krónum. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi var sameignarfélagið Þengill eign nokkurra manna, er ráku það með ótakmarkaðri ábyrgð. Meðal eigenda voru þeir áfrýjandinn Grétar og Guðmundur Þengilsson.

Hinn 16. janúar 1978 var að kröfu stefnda gert lögtak í vinnuvél, eign Þengils s/f, til tryggingar opinberum gjöldum félagsins ásamt dráttarvöxtum, að fjárhæð samtals 3.289.372 krónur. Er vinnuvél þessi skyldi seld á nauðungaruppboði til fullnustu lögtakskröfunni, kom í ljós, að hún hafði þegar verið seld. Varð ekki af nauðungarsölunni.

Hinn 21. september 1978 var að kröfu stefnda gert lögtak í fasteigninni Depluhólum 5 hér í borg, eign Guðmundar Þengilssonar, til tryggingar ógreiddum opinberum gjöldum Þengils s/f frá árinu 1978, samtals að fjárhæð 7.226.347 krónur að meðtöldum bókuðum dráttarvöxtum. Þessi eign var seld á nauðungaruppboði 9. maí 1979, og var hæsta boð 56.000.000 krónur. Ekkert kom upp í fyrrgreinda lögtakskröfu stefnda af uppboðsandvirðinu.

Enn krafðist stefndi lögtaks hjá Þengli s/f, nú til tryggingar opinberum gjöldum félagsins 1977 og 1978, samtals 10.515.719 krónur (3.289.372 + 7.226.347) auk áfallandi dráttarvaxta, kostnaðar við lögtakið og eftirfarandi uppboð, ef til kæmi. Mál þetta var tekið fyrir í fógetarétti Reykja-

víkur 31. október 1978. Áfrýjandinn Grétar sótti nú þing, en hann var einn af sameignarmönnum í Pengli s/f. Í fógetagerðinni segir m. a. svo: „Mætti kveður firmað hafa hætt starfsemi allri og séu eignir þess þegar seldar og það eignalaust utan verðbréfa. Mætti upplýsir, að hann eigi íbúð að Seljavegi 19 og hún skrifuð upp. Fallið var frá virðingu“. Var síðan lýst lögtaki í fasteign þessari til tryggingar lögtakskröfunni. Þessi lögtaksgerð er hér til endurskoðunar.

Ríkisskattstjóri ákvað 2. nóvember 1979, að opinber gjöld áfrýjandans Pengils s/f, álögð árið 1978, skyldu lækka úr 6.533.500 krónum í 346.203 krónur.

Hér fyrir dómi hefur stefndi krafist þess, að hið áfrýjaða lögtak verði staðfest til tryggingar eftirstöðvum opinberra gjalda áfrýjandans Pengils s/f 31. desember 1977, 3.289.372 krónum, opinberum gjöldum félagsins, álögðum árið 1978, 346.203 krónum auk dráttarvaxta, 476.385 krónum. Samtals nemur þetta 4.111.960 krónum, sem er aðalkrafa stefnda. Varakrafa hans er miðuð við skuldina hinn 31. desember 1977, 3.289.372 krónur.

Áfrýjendur, sem ekki hafa andmælt tölulegum kröfum stefnda, byggja kröfur sínar um, að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði úr gildi felld, á ákvæðum 7. gr. laga nr. 29/1885. Þegar lögtakið hinn 31. október 1978 hafi verið gert, hafi enn verið í gildi lögtak það, sem gert var til tryggingar sömu kröfum í fasteigninni nr. 5 við Depluhóla. Við það lögtak hafi þess ekki verið gætt að meta þá eign til verðs. Óljóst hafi verið, þegar lögtakið var gert 31. október 1978, hvort krafa stefnda væri nægilega tryggð með lögtakinu í Depluhólum 5. Hafi því verið óheimilt að gera lögtakið.

Áfrýjandinn Grétar Haraldsson hæstaréttarlögmaður var sjálfur viðstaddur, er lögtaksgerðin 31. október 1978 fór fram. Hann hreyfði þá engum andmælum gegn framgangi gerðarinnar. Koma málsástæður þær, sem hann hefur nú uppi fyrir Hæstarétti, því ekki til álita, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að staðfesta hina áfrýjuðu lögtaksgerð til tryggingar 4.111.960 krónum auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 300.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð er staðfest til tryggingar 4.111.960 krónum auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Áfrýjendur, Grétar Haraldsson og Þengill s/f, greiði stefnda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. mars 1980.

Nr. 72/1978. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)

gegn

Guðmundi Antonssyni og

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Grétari Þórarni Vilhjálmsyni

(Örn Clausen hrl.).

Manndráp. Gáleysi. Líkamsárás. Þjófnaður. Tékkamisferli. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálms-son.

I.

Af hálfu ákærvalds er þess m. a. krafist, að ákærðu verði sakfelldir samkvæmt því, er í ákæru 1. nóvember 1977 segir,